

Alþingi
Erindi nr. P 126/2486
komudagur 8.5.2001

Virðulega Menntamálanefnd

Fyrir hönd Viðskiptaháskólans á Bifröst fagna ég fram komnu frumvarpi til breytinga á lögum nr. 27/1981, um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

Hér á Bifröst höfum við undanfarin rúman áratug verið að byggja upp fyrsta flokks viðskiptaháskóla sem stenst alþjóðlegan samanburð í gæðum hvað varðar nám og aðstöðu. Þessi uppbygging á sér forsendur og rætur í vönduðu stjórnendanámi sem skólinn hefur boðið upp á allt frá stofnun hans árið 1918.

Á sviði viðskiptanáms er háskólinn hins vegar í þeirri stöðu ásamt öðrum háskólum en Háskóla Íslands, að útskrifaðir nemendur eftir 3 ára nám hafa ekki rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga eins og þeir sem útskrifast frá Viðskiptadeild HÍ. Ofangreint frumvarp breytir þessari stöðu og jafnar rétt nemenda úr viðurkenndum íslenskum háskólum.

Hér er um mikið hagsmunamál fyrir Bifröst að ræða og vil ég fara þess á leit við þig, ágæti þingmaður, að þú veitir okkur hér lið. Það væri mikill fengur fyrir okkar nemendur sem munu útskrifast í Reykholtskirkju hinn 2. júní nk. með BS gráðu í viðskiptafræði að málið yrði þá í höfn, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Með vinsemd og virðingu,

Runólfur Ágústsson, rektor
Viðskiptaháskólinn á Bifröst

Mr. Runolfur Agustsson
Rector
Bifrost School of Business
email: runolfur@bifrost.is tel.(354)433-3000
fax: (354)433-3001 GSM (354)695-9999